

Svipmynd



Baldvin Z leikstjóri og Ingvar Þórðarson slá á létta strengi á Kaffivagninum. Baldvin kveðst treysta Ingvari fyrir lífi sínu.

Nauðsynlegt að segja íslenskar sögur

ÞRÁTT FYRIR AÐ VERA FLUTTUR TIL BERLÍNAR HELDUR INGVAR ÞÓRÐARSON ÁFRAM AÐ FRAMLEIÐA KVIKMYNDIR Á ÍSLANDI. ÞYKIR NAUÐSYNLEGT AÐ SEGJA ÍSLENSKAR SÖGUR OG HELST DEILA ÞEIM MEÐ ÖLLUM HEIMINUM. SJÁLFUR ER HANN ÓÞREYTANDI Í ÞEIM EFN-UM, ER EINN DAGINN Á GRÆNLANDI, ANNAN Í BERLÍN OG ÞANN ÞRIÐJA Í HOLLYWOOD, ÞAR SEM HANN KYNNTI VONARSTRÆTI FYRIR MÁLSMETANDI FÓLKI Á DÖGUNUM.

Texti: Orri Páll Ormarsson orri@mbl.is
Myndir: Ragnar Axelsson rax@mbl.is

Konur færa menn milli landa,“ segir Ingvar Þórðarson kvik-myndaframleiðandi sposkur á svip þegar fundum okkar ber saman á Kaffi-vagninum í Reykjavík. Spurt var hvers vegna hann hefði flutt til Þýskalands fyrir nokkrum árum. Ingvar kynntist sumse þýskri konu sem starfar sem lögfræðingur í Berlín. Og hvar ætli þau hafi hist? „Klukkan níu á þriðjudagsmorgni,“ svarar Ingvar enn sposkari á svip. Nema hvað?

Kvennamál eru ekki rædd frekar þetta síðdeg.

Þrátt fyrir að búa erlendis hefur Ingvar fráleitt sagt skilið við gamla landið. Hann er með annan fótinn hér heima vegna allskyns kvik-myndaverkefna. Sum eru ekki kom-in á það stig að segja megi frá þeim en Ingvar lofar krassandi fréttum á næstunni. Og þá erum við að tala í fleirtölu.

Tvær kvikmyndir sem Ingvar framleiddi voru frumsýndar á árinu 2014, Vonarstræti í leikstjórn Bald-vins Z, og Afinn sem Bjarni Haukur Þórsson leikstýrði. Báðar gengu vel, sérstaklega sú fyrrnefnda sem Ing-var framleiddi í félagi við Júlíus Kemp. Um fimmtíu þúsund manns hafa séð Vonarstræti sem hlaut ein-róma lof gagnrýnenda, til að mynda valdi bandaríski kvikmyndagerð-armaðurinn og -gagnrýnandinn Greg Klymkiw Vonarstræti á dög-unum eina af tíu bestu myndum ársins 2014.

Vel tekið vestra

Ekki nóg með það. Ingvar fram-leiddi líka ásamt öðrum vinsælustu kvikmyndina í Finnlandi á nýliðnu ári, The Grump, en um hálf milljón manna lagði leið sína í bíósalí til að berja hana augum. „Petta var gott ár,“ segir hann. „Þegar maður býr til kvikmynd gerir maður alltaf ráð fyrir að enginn komi að sjá hana en reynir samt að fá alla.“

Þess má geta að Hilmar Örn Hilmarsson á tónlistina í The Grump.

Ingvar var nýverið í Los Angeles að kynna Vonarstræti fyrir fólki í bransanum og kveðst hafa fengið mjög góðar viðtökur. Myndin var framlag Íslands til Óskarsverð-launanna í vor og voru ýmsir von-góðir um að myndin ætti möguleika á að hljóta tilnefningu. Svo fór því miður ekki en Ingvar segir kynn-ingarstarfið vestra eigi að síður hafa verið mjög lærdómsríkt ferli. „Petta var slagur en við búum að þessari reynslu ef og þegar við verðum í þessum sporum næst. Það er ekki nóg að velja framlag til Óskarsins, Ísland verður líka að senda myndir á Golden Globe. Það er nauðsynleg kynning fyrir Óskarsferlið. Við höf-um klikkað á því.“

Að sögn Ingvars er ekkert úr-slítaatriði að myndir hafi slegið í gegn hér heima eigi að flytja þær út enda þótt það skemmi vitaskuld ekki fyrir. „Það er enginn dauða-dómur yfir mynd þótt hún gangi ekki vel á Íslandi. Gott dæmi um það er Frost sem fékk dræma að-sókn hér en hefur eigi að síður ver-ið seld til 56 landa.“

Þetta er skrifstofan mín!

Ingvar starfar sjálfstætt. „Þetta er skrifstofan mín,“ segir hann og strýkur fartölvunni á borðinu fyrir framan sig um vangann. „Stundum er ég með hundrað manns í vinnu og fækka þeim síðan niður í núll þegar ég get, fyrir utan lögfræðing og endurskoðanda. Þeir verða alltaf að vera til staðar.“

Hann fer víða til að sinna sínum verkefnum. „Petta er eins og sjó-mennska. Einn daginn er ég á Grænlandi, þann næsta í Hollywood, þann þriðja á Langjökli og þann fjórða í Berlín. Svona er líf kvik-myndaframleiðandans. Maður þarf að vera fljótur að bregðast við að-stæðum og ekki spillir fyrir að hafa gaman af því að ferðast.“

Ingvar velur sín verkefni og stendur og fellur með þeim, eins og hann tekur til orða. Hann vill vinna sem mest hér heima enda sé það lífsspursmál fyrir þessa þjóð við nyrstu voga að halda úti kvik-myndagerð. Og raunar listsköpun yfirhöfuð. „Listsköpun, ekki síst kvikmyndagerð, á undir högg að sækja á Íslandi. Umhverfið er fjandsamlegt og markaðurinn lítill. Þetta er varnarbarátta en við erum staðráðin í að snúa vörn í sókn. Það er nauðsynlegt að segja íslenskar sögur og helst flytja þær út svo aðr-ar þjóðir geti notið þeirra með okk-ur.“

Að sögn Ingvars er enginn hörg-ull á hæfileikum hérlandis. „Hæfi-leikafólkinu er alltaf að fjölga og hugmyndirnar eru óþrjótandi en oft og tíðum vantar fjármagn til að veita þeim brautargengi. Nýtt fólk á mjög erfitt með að komast að. Það er sorglegt og þess vegna hef ég gegnum tíðina reynt að ryðja braut-ina fyrir nýtt fólk. Tíu af mynd-unum sem ég hef framleitt eru fyrstu myndir leikstjóra.“

Byrjaði fyrir tilviljun

Ingvar er enginn nýgræðingur í faginu, kom að sinni fyrstu kvik-mynd árið 1992, Sódóma Reykjavík sem sló eftirminnilega í gegn. „Það var algjör tilviljun að ég kom að því verkefni,“ rifjar hann upp. „Hallur vinur minn Helgason hafði verið ráðinn framkvæmdastjóri mynd-arinnar og bað mig að hjálpa sér. Síðan fór hann í kvikmyndaskóla í Hollywood og ég varð eftir.“

Í framhaldi af þessu fór Ingvar að reka Regnbogann sáluga fyrir Jón Ólafsson athafnamann og minn-ist þess starfs með mikilli hlýju. „Það er ekki amalegt að fá borgað fyrir að horfa á bíómyndir.“

Hann hlær.

Tökum lauk á nýliðnu ári á þrem-ur myndum sem Ingvar framleiðir og eru þær nú á eftirvinnslustiginu. Um er að ræða tvær íslenskar



✱ Hæfileikafólkinu er alltaf að fjölga og hugmyndirnar eru óþrjótandi en oft og tíðum vantar fjármagn til að veita þeim brautargengi.



Ingvar með leikaranum Ben Stiller og aðstoðarmanni hans, Jin-woo Prensena.



Félagarnir Bruce og Lee una hag sínum vel í Razgrad.

Á tvö ljón í Razgrad

Ingvar hefur víða komið á ferðum sínum sem kvikmyndaframleiðandi. Fyrir nokkrum árum var hann í Búlgaríu vegna myndarinnar Astrópiu og hafði þá veður af því að hægt væri að kaupa ljónsunga í dýragarði í nálægum bæ, Razgrad, sem hljómaði í eyrum Íslendingins eins og Rassgat. Eitthvað sem hann fann sig knúinn til að kanna betur.

Við komuna til Razgrad tók á móti Ingvari maður að nafni Ivan Ivanov, doktor í þokkabót, og á því augnabliki viðurkennir Ingvar að sér hafi liðið eins og hann væri staddur í Tinnabókunum. Ljónsungarnir reyndust vera á viðráðanlegu verði og festi Ingvar kaup á tveimur sem dr. Ivanov geymir fyrir hann.

Ingvar kannaði raunar möguleika á því að flytja ljónsunga, sem heita þeim ágætu nöfnum Bruce og Lee, inn til landsins og mætti skilningi og jafnvel áhuga hjá stjórnvöldum. Málið strandaði hins vegar á húsbændum í Húsdýragarðinum sem máttu ekki heyra á ljónin minnst – enda langsótt að skilgreina ljón sem húsdýr. Það er þá helst í Kardi-mommubænum.



Ingvar er mikill áhugamaður um sjóböð. Hér svamlar hann í sjónum við Grænland, ásamt Sigurði Friðrikssyni félaga sínum.

myndir og eina finnska. Íslensku myndirnar eru Reykjavík eftir Ásgrím Sverrisson og Albatross eftir nýliðann Snævar Sölvason.

Mynd um norðurslóðir
Af öðrum verkefnum sem eru skemmra á veg komin má nefna heimildarmynd um norðurslóðir sem Ingvar vinnur að með Haraldi Sigurðssyni, jarð- og eldfjallafræð-

ingi, og Ragnari Axelssyni ljósmyndara.

„Þetta er meiriháttar verkefni og forréttindi að vinna með RAX og Haraldi. Við sigldum um Scoresbysund í haust og tókum upp „trailer“ til að kynna fyrir fjárfestum. Fjármögnun gengur vel en við erum að tala um sex milljónir dollara, þannig að þetta tekur tíma og verður ekki gert einvörðungu hér á landi.“

Af leiknum kvikmyndum er þegar hafinn undirbúningur að næstu mynd Baldvins Z sem kallast Kontalgínbörnin en stefnt er að því að frumsýna hana árið 2016. Þá mun Ingvar framleiða nýjustu mynd finnska leikstjórans Aku Louhimies sem nefnist Sendiherrann og byggist á sögu eftir Braga Ólafsson.

Svo skemmtilega vill til að Baldvin Z ber einmitt að garði meðan

við sitjum að spjalli og ekki er úr vegi að spyrja leikstjóran út í samstarfið við Ingvar. „Það er ævintýri að vinna með honum,“ segir hann kankvís en bætir svo við: „Ég treysti þessum manni fyrir lífi mínu. Hann er gegnheill og stendur við allt sem hann segir. Ég væri ekki þar sem ég er í dag hefði ég ekki kynnst honum.“

Svo mörg voru þau orð.

Baðar sig daglega í sjónum

Starf kvikmyndaframleiðandans er erilsamt og Ingvar notar hvert tækifæri sem gefst til að brjóta upp daginn með því að skella sér í sjóbað þegar hann er hérna heima. „Ég byrjaði á þessu fyrir átta árum og líkar afskaplega vel. Sjóbað er allra meina bót og ég fer helst daglega, hvernig sem viðrar og hvort sem hitastigið er ein gráða eða tíu gráður. Sjórin er bestur en úti í Þýskalandi fer ég í köld stöðuvötn.“

Ingvar upplýsir að sjóböðin séu partur af lífsstílsbreytingu en hann tók líf sitt í gegn fyrir átta árum. Hætti að drekka áfengi, lagaði mataræðið og fór að stunda íþróttir og andlega íhugun af meira kappi en áður. „Þetta er með betri ákvörðunum sem ég hef tekið um dagana. Þrekið er meira og heilsan almennt miklu betri, bæði andlega og líkamlega.“